

Lög

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006 (hnúðlax).

1. gr.

Við lögum bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. másl. 3. mgr. 27. gr. er veiðifélögum og veiðiréttarhöfum, þar sem ekki eru starfandi veiðifélög, heimilt að veiða hnúðlax (*Oncorhynchus gorbuscha*) með ádráttarnetum árin 2023, 2024 og 2025. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um veiðar á hnúðlaxi, m.a. um leyfisveitingar, skráningu, sýnatökur og aðra framkvæmd veiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 1. júní 2023.